



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innleiðingu straumlínustjórnunar

Á fundi borgarráðs þann 29. ágúst sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Nú heyrst æ oft að meirihlutinn í borginni kynnir með stolti fyrirhugaða innleiðingu Lean/Straumlínustjórnun. Lean er lýst sem umbótarkerfi sem snýst um að finna út hvað er virði fyrirtækisins í augum viðskiptavinarins og finna þær aðgerðir sem skapa virði, sem skapa ekki virði og eru sóun. Það er vissulega gott og blessað. Það er hins vegar alþekkt að sums staðar sem Lean hefur verið innleitt þá hefur það ekki tekist vel, ekki virkað og ekki verið mikil ánægja með það. Sums staðar hefur það hreinlega alls ekki verið virkað og starfsmenn verið því andsnúnir. Hér er um að ræða mikla fjármuni, sem sennilega hleypur á tugi milljóna og ef Lean kerfið á ekki við þá er er þessum fjármunum sóað. Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill spyrja hvað miklum fjármunum er stefnt að því að verja í innleiðingu Lean og hvar innan borgarkerfisins verður það innleitt? Hvað hefur verið gert í aðdraganda þess að ákveðið er að taka inn Lean sem staðfestir að það muni virka vel á starfsstöðum borgarinnar? Hvaða athuganir/rannsóknir liggja til grundvallar innleiðingunni í borginni?

Svar:

Straumlínustjórnun LEAN eða Agile aðferðafræði hefur ekki verið formlega innleidd hjá borginni í heild og ekki hefur verið tekin ákörðun um slíkt. Umrædd aðferðafræði er eitt af mörgum verkfærum verkefnastjórnunar sem verkefnateymi velja að nota eftir því sem hentar í hverju verkefni. Aðferðum LEAN og Agile hefur m.a. verið beitt hjá verkefnateyimum kjarnasviðs þjónustu og nýsköpunar (ÞON) í ýmsum hugbúnaðarverkefnum.

ÞON hefur byggt upp þekkingu á LEAN og Agile án sérstaks aukakostnaðar þar sem þeir starfsmenn sem unnið hafa að slíkum verkefnum hafa þegar haft þekkingu og reynslu af aðferðafræðinni. ÞON hefur boðið stuðning til annarra sviða sem eftir því hafa leitað og hefur ekki fylgt því annar kostnaður en tími viðkomandi starfsmanna. Það er ekki áætlað að ráðstafa neinum fjármunum af hálfu ÞON í innleiðingu Lean/Agile á næsta ári né á fimm ára áætlun né annarra sviða borgarinnar svo vitað sé.

Varðandi hvaða rannsóknir eða athuganir séu að baki notkunar LEAN/Agile í starfsemi borgarinnar er það að segja LEAN og Agile eru meðal viðurkenndra aðferða sem er beitt í verkefnastjórnun almennt. Við úrlausn verkefna hjá Reykjavíkurborg, eins og hjá öðrum

opinberum stofnunum og í atvinnulífinu almennt, er eins og áður sagði hægt að beita ýmsum aðferðum við úrlausn verkefnis. Þeir sem stjórna verkefnum velja þá aðferð sem þeir telja að skili bestum árangri hverju sinni.

Dagur B. Eggertsson